

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 5/2021-2022

Kærandi: Hugarafi

Kærðu: Stöð 2, visir.is og Frosti Logason

Kæruefni: Umfjöllun í Íslandi í dag 20. september 2021 um starfsemi Hugarafis og eftirfylgnifréttir á visir.is.

Málsmeðferð:

Kæran er dagsett 23. september 2021 og barst nefndinni 24. september. Siðanefnd mat kærana svo að nokkuð vantaði upp á að hún uppfyllti 3. grein vinnureglna nefndarinnar um tilgreiningu þeirra atriða sem kærð væru og var óskað eftir þeim upplýsingum frá kændum. Þær bárust 29. og 30. september. Ákvað Siðanefnd að kæran væri tæk til efnislegrar meðferðar og óskaði eftir andsvörum kærðu 4. október. Andsvör bárust 13. október og tók Siðanefnd málið fyrir á fundum sínum 19. október og 2. nóvember.

Málavextir:

Þann 20. september birtist í Íslandi í dag viðtal við fyrrverandi notanda þjónustu Hugarafis. Þar lýsir viðmælandi því sem hann telur ófaglega og meiðandi framkomu stjórnenda samtakanna gagnvart notendum. Auk þess var í þættinum fjallað um erindi sem viðmælandinn sendi ásamt fimm öðrum fyrrverandi notendum þjónustu Hugarafis til félagsmálaráðuneytisins, þar sem einnig er kvartað yfir framkomu stjórnendanna. Kærandi telur að umfjöllun þessi, ásamt fréttum á visir.is sem unnar voru upp úr þættinum, brjóti í bága við 3. gr. siðareglna.

Kærðu hafna því að hafa brotið siðareglur og krefjast sýknu.

Umfjöllun:

Í kæru segir að umfjöllun Íslands í dag hafi „vægast sagt verið óvægin og alveg einhliða“, jafnframt að bæði í frásögn viðmælanda og textabrotum úr erindi hópsins til félagsmálaráðuneytisins, sem birt voru í þættinum, séu „ósannindi og rógburður á ferðinni sem virtist til þess eins ætlaður að meiða félagið og þá einstaklinga sem voru nefndir með nafni“. Þá telur kærandi að fréttamaður hafi ekki gætt jafnræðis með því að lesa ekki upp í heild sinni yfirlýsingu frá samtökunum sem þættinum hafði verið send.

Kærandi telur að meint brot varði við 3. grein siðareglna BÍ, annarsvegar um að blaðamanni beri að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu og hinsvegar um að blaðamanni beri að forðast allt sem getur valdið saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda óparfa sársauka eða vanvirðu.

Í andsvörum kærðu kemur fram að við vinnslu þáttarins hafi blaðamaður kannað frásögn viðmælanda með „samtölum við félagsmenn og fyrrum stjórnarmenn í Hugarafli sem og fagfólk úr öðrum geðúrræðum á Íslandi.“ Þá hafi hann rætt við fjölskyldu látinnar unnustu viðmælandans, sem hafi lýst sig sátta við frásögn viðmælanda að því sem hana varðaði.

Að morgni útsendingardags lét fréttamaður Auði Axelsdóttur, framkvæmdastjóra Hugarafils, vita af umfjölluninni og bauð henni að svara með viðtali, samdægurs eða næsta dag, eða senda yfirlýsingu. Stjórn samtakanna sendi frá sér yfirlýsingu, sem birt var á skjánum í þættinum og ein efnisgrein lesin upp. Yfirlýsingin í heild sinni var birt á vef vísis og greindi fréttamaður frá því í þættinum. Kærandi bendir á að félaginu sé óheimilt að ræða opinberlega málefni einstakra notenda þjónustunnar.

Siðanefnd telur að þessi vinnubrögð standist kröfur um upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu. Leitað var eftir andstæðum sjónarmiðum og þeim gerð skil í umfjölluninni. Ekki er hægt að gera kröfu um að yfirlýsing sé lesin í heild sinni í útsendingu og blaðamaður er talinn hafa uppfyllt skyldu sína um að leita andstæðra sjónarmiða.

Hvað varðar meintar ósannar og meiðandi fullyrðingar þá var skýrt í allri umfjöllun að þar var ekki um fullyrðingar fréttamanns að ræða, heldur orð viðmælanda og tilvitnanir í heimild, þ.e. bréf sex manna hóps til félagsmálaráðuneytisins. Blaðamaður brýtur ekki reglur með því að birta ummæli viðmælanda, að því gefnu að vinnubrögð við vinnslu fréttarinnar standist kröfur.


Umfjöllunin varðar mikilvægt samfélagsmál og málefni samtaka sem reka úrræði í geðheilbrigðisþjónustu, að hluta til fyrir opinbert fé. Ótvírætt er því að umfjöllunin hafi átt erindi við almenning og að kvörtunarbréfið til félagsmálaráðuneytisins hafi því haft fréttagildi. Varðandi birtingu einstakra málsgreina úr bréfinu, þá er hér um heimild að ræða, sem þar að auki er formlegt skjal, sem sendendur hafa gefið fréttamanni leyfi til að birta. Ljóst er að þar eru bornar fram alvarlegar ásakanir og er alvarleiki þeirra fréttæmur í sjálfu sér. Þá ber að líta til þess að ekki er um ásakanir eins einstaklings að ræða heldur stendur að þeim sex manna hópum. Það er ekki hlutverk Siðanefndar að skera úr um sannleiksgildi fullyrðinganna.

Varðandi það atriði hvort umfjöllunin sé til þess fallin að valda saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda óparfa sársauka eða vanvirðu, þá ber að líta til þess að ásakanirnar varða framkomu einstaklinga í starfi sínu sem forsvarsmenn samtaka og koma frá notendum þjónustunnar. Notendur þjónustu Hugarafils eru eðli málsins samkvæmt viðkvæmur hópur. Því ber að sýna sérstaka aðgát í umfjöllun um mál sem þennan hóp varða. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að kærðu hafi í þessu tilfelli sýnt ónóga aðgát.


Úrskurður:

Kærðu, Stöð 2, visir.is og Frosti Logason, teljast ekki hafa gerst brotleg við siðareglur BÍ.

Reykjavík, 2. nóvember 2021




Ásgeir Þór Árnason




Fanney Birna Jónsdóttir



Friðrik Þór Guðmundsson



Jóhannes Tómasson



Þórdís Helgadóttir